

er til að fá fram leiðréttingar eða breytingar á forsendum hliðsetts dómstóls, sbr. einnig 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936.

Þegar af þessari ástæðu verður að fallast á kröfu stefnda um frávisun máls þessa.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari, sem með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. júní 1975, var skipaður setudómari í máli þessu, eftir að yfirborgardómarinn í Reykjavík hafði með úrskurði 21. mars sl. vikið sæti, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. október 1975.

Nr. 22/1974. Sveinn Benediktsson

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Agnari Bogasyni og gagnsök

(Örn Clausen hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Ærumeiðingar. Fégjald.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 28. janúar 1974. Hann hefur uppi þessar kröfur fyrir Hæstarétti:

1. Að gagnáfrýjanda verði refsað samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og refsing verði þyngd.

2. Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla „og greiðslu kostnaðar við birtingu dóms í málinu“.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt skylt „að birta forsendur

héraðsdóms og forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms í máli þessu“.

4. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda 320.000 króna félgjald samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga.

5. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 30. ágúst 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. ágúst s. á. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda nema kröfu hans um ómerkingu ummæla. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu gagnáfrýjanda samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 72. gr. sömu laga og lög nr. 14/1948, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Enn fremur ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla þeirra í heild sinni, sem stefnt er út af. Dæma ber gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 10.000 krónur til þess að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu í opinberum blöðum. Fallast ber á kröfu aðaláfrýjanda í 3. kröfulið og dæma gagnáfrýjanda skylt samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 að birta forsendur héraðsdóms og forsendur og dómsorð hæstaréttardóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa, og með þeim hætti, er greinir í 2. málsg. 22. gr. nefndra laga. Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um fébætur samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda samtals 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu ummæla, refsingu gagnáfrýjanda, Agnars Bogasonar, og greiðslu

fébóta samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga af hans hendi til aðaláfrýjanda, Sveins Benediktssonar, eru staðfest, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 10.000 krónur til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

Gagnáfrýjanda er skylt að birta forsendur héraðsdóms og forsendur og dómsorð hæstaréttardóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1973.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með sáttakæru, birtri 17. apríl 1971. Málið var þingfest 29. júní 1971. Munnlegur flutningur fór fram 6. desember 1973, og var málið dómtekið að honum loknum. Sáttatílaunir dómsins hafa reynst árangurslausar. Stefnandi máls þessa er Sveinn Benediktsson, Miklubraut 52, Reykjavík. Stefndi er Agnar Bogason, Tjarnargötu 39, Reykjavík.

Mál þetta er höfðað vegna ummæla um stefnanda í 6. tölublaði 23. árgangs Mánudagsblaðsins (dags. mánudaginn 22. febrúar 1971). Ummælin birtust í nafnlausri grein á forsiðu blaðsins undir fyrsögninni: „Sveinn Ben. og Haförninn“. Ritstjóri og ábyrgðarmaður Mánudagsblaðsins er tilgreindur stefndi, Agnar Bogason. Útgefanda er ekki getið. Á þeim tíma, sem hér um ræðir, var stefnandi, Sveinn Benediktsson, stjórnarformaður Síldarverksmiðja ríkisins.

Hin umdeilda grein í Mánudagsblaðinu hljóðar annars svo:

„Sveinn Ben. og Haförninn.

Kostar 40 milljónir að standsetja skipið? — Bundið í

höfn í óratíma. —

Vegna fjölda bréfa og fyrirspurna um hið raunverulega ástand flutningaskips Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði, Hafarnarinnar, þá langar blaðið aðeins að fá sannleikann. Ýmsar dylgjur, sem voru í bréfunum, hafa verið teknar í burtu, því hér er ekki verið að ráðast á sérstakan mann, þó ekki verði hjá komizt að beina spurningum til fyrirsvarsmannsins. Nú virðist að hér sé ekki allt með felldu og mál til komið að hreinsa til.

Stjórnleysi.

Það er óhætt að fullyrða, að fádæma stjórnleysi hefur ríkt hjá Síldarverksmiðjum ríkisins um langt árabil, og er þar fyrir mäske um að kenna stjórnarformanninum Sveini Benediktssyni, sem vegna embættis síns er allsráðandi.

Þokkaleg sölulaun.

Fyrir nokkrum árum á meðan síldin var og hét, þá var ákveðið að kaupa flutningaskip til þess að flytja síldina austan úr hafi til Siglufjarðar. Í boði voru 2 minni skip, nýleg og á allgóðu verði. Ennfremur 1 skip nokkuð stærra, sem S.B. stjórnarformaður hafði að sögn söluumboð fyrir. Flestir stjórnarmenn S.V.R. voru þeirrar skoðunar, að kaupa bæri fyrr greind 2 skip, en Sveinn Benediktsson var nú aldeilis ekki á þeim buxunum. Skip Sveins var því keypt, þrátt fyrir alla galla, sem lítill gaumur var gefinn. Sölulaun Sveins voru smá, kr. 3.2 milljónir að sögn.

Tærðir geymar.

Sveinn fór með einn mann með sér til þess að skoða skipið; — það er að segja þeir fóru aldrei niður í geyma skipsins, sem síðar kom í ljós að voru stórkostlega tærðir eftir einhvern lög, sem fluttur hafði verið í geymunum.

Sérfræðingar eða ekki.

Þegar farið var að ræða um hina stóru galla á skipinu í blöðum bæjarins, þá var Sveinn fljótur að segja að þeir hefðu fengið 2 sérfræðinga frá Noregi til að skoða skipið, en því miður komu þeir aldrei að sögn vélstjóra þeirra, sem á Haferninum voru. Sveinn mun hafa verið á öðru máli.

40 milljónir.

Mál þetta er forvitnilegt og ætti að falla undir opinbera rannsókn, svo að loftið yrði hreinna og hið sanna fengist fram.

Nú spyrja menn, hvað lengi á „Haförninn“ að liggja hér við bryggju og ekkert er gert. Það mun kosta um 40 milljónir að gera við skipið, en naumast mun kaupandi fánlegur að því, fyrir það verð“.

Stefnandi gerir þessar kröfur í málinu:

a) Að stefnda verið refsað fyrir ummælin og útbreiðslu þeirra samkvæmt 108., 234., 235. og 236., sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

b) Að ummælin verði dæmd ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

c) Að stefnda verði gert að greiða kr. 10.000 til að standast kostnað af birtingu dóms í málinu samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 og jafnframt að birta forsendur dómsins og dómsorð á forsiðu blaðsins, Mánudagsblaðsins, í 1. tölublaði þess, eftir að dómur hefur verið birtur honum, og með jafnstórri fyrirsögn og höfð var á hinum umstefndu ummælum, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

d) Að stefnda verði gert að greiða honum kr. 320.000 í féggjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

e) Að stefnda verði gert að greiða honum hæfilegan málskostnað að mati bæjarþingsins.

Stefndi gerir eftirtaldir kröfur í málinu:

a) Hann krefst þess að verða sýknaður af öllum refsikröfum í málinu.

b) Hann vefengir ekki, að dæma eigi ómerk hin umstefndu ummæli.

c) Krafist er sýknu af kröfu stefnanda um kr. 10.000 til að standa straum af birtingu dómsins, enda kveðst stefndi bjóðast til að birta forsendur á dómsorði 1. tölublaðs Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms og uppkvaðningu, allt stefnanda að kostnaðarlausu og fyrirhafnarlausu.

d) Krafist er sýknu af skaðabótakröfu.

e) Þess er krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

2.0.

2.1. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að nefnd grein í Mánudagsblaðinu feli í sér staðhæfulausar aðdróttanir og ærumeiðingar um stefnanda. Þessar aðdróttanir kveðst stefndi hafa hrakið lið fyrir lið í grein, sem birtist á 15. bls. Morgunblaðsins 25. febrúar 1971.

Stefnandi bendir á, að samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt sé ótvírætt, að stefndi beri alla ábyrgð í máli þessu, enda hafi enginn höfundur verið tilgreindur að nefndri blaðagrein. Stefnandi sé formaður stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins og því opinber sýslunarmaður. 108. gr. almennra hegningar-

laga nr. 19/1940 eigi því við í máli þessu auk þess sem brotið hafi verið gegn 234.—236. gr. sömu laga. Þá er talið ljóst, að 72. gr. hegningarlaganna eigi einnig við í málinu.

Stefnandi telur óhjákvæmilegt, að hin umstefndu ummæli séu ómerkt í heild, enda sé erfitt að finna einstakar setningar í þeim, sem ekki séu á einhvern hátt meiðandi í garð stefnanda. Heimild til ómerkingar telur stefnandi 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga.

Kröfu um greiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms kveður stefnandi styðjast við 2. mgr. 241. gr. hegningarlaga, og krafa um birtingu dóms í blaði stefnanda er sögð eiga stað í 22. gr. laga nr. 57/1956.

Um miskabótakröfu vísar stefnandi til 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga. Bendir hann á, að fjárhæð slíkra bóta hljóti að vera matsatriði, en fjárhæðinni sé þó í hóf stillt.

2.2. Stefnandi getur þess, að hann hafi verið í orlofi í útlöndum, meðan greinin var rituð. Stefnandi telur þó ljóst, að hann beri ábyrgð á skrifunum.

Stefnandi viðurkennir, að hin umdeildu ummæli séu röng. Hann kveðst því ekki sjá neitt athugavert við það, að þau verði dæmd dauð og ómerk.

Hins vegar telur stefnandi fráleitt, að honum verði ákveðin refsing eða hann dæmdur til greiðslu skaðabóta, þar sem stefnandi hafi með orðalagi sínu í fyrrgreindri Morgunblaðsgrein goldið líku líkt. Í þessu sambandi bendir stefnandi á eftirtalin ummæli í greininni:

„Agnar nokkur Bogason hefur á þriðja áratug haft tilburði til þess að leika siðgæðispostula í blaði sínu og virðist telja sjálfan sig einskonar Sólon Íslandus. . . . Ekki verður með sanni sagt, að honum hafi tekizt að leika þetta hlutverk öllu hönduglegar en Sölva Helgasyni forðum, enda er Agnar manna ólíklegastur til þess að siðbæta þjóðfélagið. Ekki breytir eðlið sér. . . . Þá er leitað til Agnars. Hann er alltaf tilbúinn og þrífst bezt, eins og púkinn í fjósinu í Odda forðum, á ljótu orðbragði. . . .

Einhver, sem virðist kenna mér um lánleysi sitt, hefur nú ennþá einu sinni leitað ásjár hjá Agnari Bogasyni og hann eftir hleðsluna gripið til rógssiðjunnar og leikið goskarlinn. . . .

Af bókunum þessum er ljóst, að álygar Agnars um að ég hafi keypt skipið þvert ofan í óskir og vilja meirihluta stjórnar S.R. eru tilhæfulausar. . . .

Eftir að ég hef birt framangreindar tilvitnanir í fundargerðir stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins og lýst málavöxtum, stendur

þessi nýi Sólon Íslandus enn einu sinni afhjúpaður sem ósannindamaður og rógberi“.

3.0.

3.1. Telja verður, að stefndi, sem er og var ritstjóri og ábyrgðarmaður Mánudagsblaðsins, beri bæði refs- og skaðabótaábyrgð á þeim ummælum, sem dómsmál þetta snýst um, samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt, enda er eigi um það deilt í málinu.

Þegar umrædd grein birtist í Mánudagsblaðinu, var stefnandi stjórnarformaður Sildarverksmiðja ríkisins og því opinber starfsmaður. Fallast má á það með stefnanda, að framangreind ummæli séu meiðandi fyrir hann. Í greininni í heild felast aðdróttanir í garð stefnanda, ýmist um vítaverða framkomu hans í umræddu starfi sínu eða grófa vanrækslu hans í því. Ummæli þessi hafa í engu verið réttlætt. Þvert á móti hefur stefndi nú viðurkennt, að þau séu röng.

Brot stefnda ber að heimfæra undir 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hins vegar er ekki sannað, að 236. gr. eigi hér við.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi jafnframt gerst brotlegur við 108. gr. laga nr. 19/1940. Hér er þess að gæta, að stefnandi rekur mál þetta sem einkarefsimál samkvæmt XXV. kafla laga nr. 19/1940. Af þeim sökum verður nefndri 108. gr. ekki beitt í máli þessu.

Sakavottorð stefnda liggur frammi í málinu. Af því kemur fram, að hann hefur verið dæmdur í 19 málum fyrir brot gegn 108., 229., 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Þá er fram komið, að 31. mars 1965 voru kveðnir upp á bæjarþingi Reykjavíkur tveir dómar, þar sem stefnda var refsað fyrir brot gegn 234. og 235. gr. laganna, en þessara dóma er ekki getið á saka-vottorði hans. Af þeim málum, sem vottorðið getur um, var eitt dæmt á árinu 1966 og annað á árinu 1968. Eins og hér er ástatt, þykir rétt að hafa hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar stefnda.

Ummæli þau, sem stefnandi hafði um stefnda í fyrrgreindri grein Morgunblaðsins og rakin eru nánar í 2.2. hér að framan, eru sumpart nokkuð hvöss. Hins vegar ber að líta á það, að þau eru höfð uppi sem andsvar stefnanda við vítaverðum aðdróttunum í hans garð. Ummælin þykja ekki þess eðlis, að unnt sé að beita hér 239. gr. almennra hegningarlaga til refsilækkunar.

Að öllu athuguðu þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin kr. 30.000, og skal sektin renna í ríkissjóð. Varðhald í 10 daga komi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan aðfararfrests í málinu.

Samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga þykir mega ómerkja greinina í heild, enda má fallast á það með stefnanda, að erfitt sé að undanskilja einstakar setningar.

Þá ber samkvæmt 2. mgr. 241. gr. sömu laga að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 10.000 til þess að standast kostnað við birtingu dóms þessa í dagblaði (dagblöðum) í Reykjavík, en fjárhæðinni hefur ekki verið tölulega mótmælt. Þá verður enn samkvæmt 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956 tekin til greina krafa stefnanda um, að stefnda sé skylt að birta forsendur dómsins og dómsorð í Mánudagsblaðinu í fyrsta tölublaði, er út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa. Ber að prenta dóminn með sama letri og meginmál blaðsins.

Loks má taka til greina kröfu stefnanda um bætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Er ljóst, að hann hefur orðið fyrir miska. Eru bætur af þessum sökum hæfilega ákveðnar kr. 50.000. Vaxta hefur ekki verið krafist.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 25.000.

Umboðsmaður stefnanda hefur upplýst, að ekki hafi verið hafist handa um opinbera rannsókn út af sakarefni því, sem hér er til meðferðar. Brot stefnda gat þó varðað við XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 24. gr. sömu laga. Eins og á stendur þykja ákvæði laga ekki standa í vegi fyrir efnisdómi í máli þessu, sbr. einnig 1. tl. 81. gr. laga nr. 19/1940.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði stefnanda, Sveini Benediktssyni, kr. 50.000 í miskabætur, kr. 10.000 til þess að standast kostnað við birtingu dóms þessa í dagblaði (dagblöðum) og kr. 25.000 í málskostnað.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði kr. 30.000 sekt til ríkissjóðs. Varðhald í 10 daga komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests í málinu.

Stefnda, Agnari Bogasyni, er skylt að birta forsendur dómsins og niðurstöðu í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, sem

út kemur eftir birtingu dóms þessa. Ber að birta dóminn með sama lettri og meginmál blaðsins.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. október 1975.

Nr. 36/1973. **Ole N. Olsen f. h.**
Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen
 (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Steinari Guðmundssyni
 (Jón Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
 Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Vinnusamningur. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1973, að fengnu afrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 414.597 krónur ásamt 8% ársvöxtum frá 31. desember 1970 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins afrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins afrýjaða dóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, og hafa málsaðiljar komið fyrir dóm.

Af hálfu afrýjanda hefur verið lögð fram ný reikningsgerð út af viðskiptum hans við stefnda, þeim er mál þetta fjallar um. Nema þær fjárhæðir, sem afrýjandi telur hafa runnið til stefnda samkvæmt reikningsgerð þessari, 723.969